

REYKJAVÍKURBORG
FEBRÚAR 2015

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun um almenna sérkennsluúthlutun til borgarrekinnna grunnskóla.

Skýrsla



Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit

Um verkefnið	2
Lýsing á verkefni og afmörkun	2
Helstu verkefni:	2
Markmið verkefnisins	3
Jafnréttismarkmið verkefnisins	3
Starfshópur	3
Gagnaöflun	3
Gagnagreining	4
Hindranir	5
Niðurstöður	5
Umfjöllun	7
Næstu skref	9

Myndir

Mynd 1: Hversu margar stúlkur nutu stuðnings úr almennu sérkennsluúthlutunni nú í september eftir aldurstigum og erfiðleikum	3
Mynd 2: Yfirlitsmynd stúlkur sem eru að fá einhverja aðstoð í grunnskóla árið 2014	4
Mynd 3: Hversu mikill var stuðningurinn í fjölda kennslustunda á viku í september hjá stúlkum í einstaklingstímum?	4
Mynd 4: Yfirlitsmynd, hlutfall stúlkna sem eru að fá aðstoð	5
Mynd 5: Yfirlitsmynd, hlutfall drengja sem eru að fá aðstoð	6
Mynd 6: Yfirlitsmynd, hlutfall stúlkna sem eru að fá aðstoð við almennum eða sérstækum námserfiðleikum	6
Mynd 7: Yfirlitsmynd, hlutfall stúlkna sem eru að fá aðstoð vegna ADHD, hegðunar-, félags- og tilfinningalegra erfiðleika.	6
Mynd 8: Yfirlitsmynd, hlutfall drengja sem eru að fá aðstoð við almennum eða sérstækum námserfiðleikum	7
Mynd 9: Yfirlitsmynd, hlutfall drengja sem eru að fá aðstoð vegna ADHD, hegðunar-, félags- og tilfinningalegra erfiðleika.	7

Um verkefnið

Lýsing á verkefni og afmörkun

Viðfangsefni verkefnisins er að vinna greiningar- og aðgerðaráætlun á framkvæmd almennrar sérkennslu innan grunnskóla SFS með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Úthlutun á almennri sérkennslu miðast við 0,142 á nemanda í grunnskóla.

Markmiðið er að greina hvort núverandi staða, með tilliti til stefnu og útdeilingu fjármagns Reykjavíkurborgar, stuðli að jafnrétti kynjanna eða ekki. Ef staðan, eins og hún er í dag, eykur eða viðheldur kynjamisrétti þarf að leggja til aðgerðir.

Verkefnið afmarkaðist við fjármagn sem skólar nýta í almenna sérkennslu. Verkefnið afmarkast líka við borgarrekna almenna grunnskóla.

Gagnaöflun miðast við 1. október 2014.

Helstu verkefni:

- Móta jafnréttismarkmið varðandi málaflokkinn.
- Afla kyngreindra gagna um framkvæmd almennrar sérkennslu í borgarreknum grunnskólum.
- Greina kynjasjónarmiðin.
- Greina áhrif stefnu og útgjalda Reykjavíkurborgar á kynin.
- Ákveða hvort og hvað þarf að skoða nánar og framkvæma það.
- Ef að staðan eins og hún er í dag styður ekki við markmið um jafnrétti kynjanna þarf að leggja til aðgerðir til að draga úr misrétti.
- Móta aðgerðaáætlun.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að greina nýtingu fjármagns til almennrar sérkennslu út frá aðferðafræði KFS.

Jafnréttismarkmið verkefnisins

Jafnréttismarkmið verkefnisins er eftirfarandi:

Að útteiling fjármagns Reykjavíkurborgar sé með þeim hætti að það styðji við drengi og stúlkur þannig að þau hafi jafngild tækifæri til að þroskast og taka framförum í námi.

Starfshópur

Eigandi verkefnis: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri SFS

Hópstjórar: Hafþór Einarsson

Starfshópur: Hafþór Einarsson og Hrund Logadóttir

Samráð: Herdís Sólborg Haraldsdóttir (FMS), Ásgeir Björgvinsson (TOR) og Hildur Björk Svavarsdóttir (TOR).

Gagnaöflun

Unninn var spurningalisti sem sendur var út til skólustjóra borgarrekkinna grunnskóla með spurningarvagni TOR.

Spurningalistinn var sendur út sem excel skjal og má sjá spurningarnar sem snéru að stúlkum hérna fyrir neðan, sambærilegar spurningar fyrir stráka voru líka í listanum.

Í spurningum 1 og 2 var leitast við að fá sundurgreiningu á námserfiðleikum milli aldursstiga.

Hversu margar <u>stúlkur</u> nutu stuðnings úr almennu sérkennsluúthlutuninni í <u>nú í september</u> eftir aldursstigum og erfiðleikum?						
	Almennir námserfiðleikar	Sértækir námserfiðleikar (stærðfræði, lestur, málþroski o.fl.)	ADHD og hegðunar-erfiðleikar	Félagslegir og tilfinningalegir erfiðleikar	Annað	
Yngsta stig						
Miðstig						
Elsta stig						

Mynd 1: hversu margar stúlkur nutu stuðnings úr almennu sérkennsluúthlutunni nú í september eftir aldursstigum og erfiðleikum

Hindranir við svörun á þessari spurningu voru að nemendur gátu fallið undir fleiri en einn flokk, þ.e. voru með samsettan vanda. Nemandi með ADHD og dyslexíu getur fyrir vikið verið tvískráður

Í spurningu 3 og 4 vorum við að leita eftir því hvar þjónustunni við nemendurna væri sinnt,

Hversu mikill var stuðningurinn í fjölda kennslustunda á viku í september hjá stúlkum?

	Almennir námserfðileikar		Sértækir námserfðileikar (staðfræði, lestur, málþroski o.fl.)		ADHD og hegðunar-erfðileikar		Félagslegir og tilfinningalegir erfðileikar		Annað	
	Aðstoð inni í bekk	Sérkennsla út úr bekk	Aðstoð inni í bekk	Sérkennsla út úr bekk	Aðstoð inni í bekk	Sérkennsla út úr bekk	Aðstoð inni í bekk	Sérkennsla út úr bekk	Aðstoð inni í bekk	Sérkennsla út úr bekk
Yngsta stig										
Miðstig										
Elsta stig										

Mynd 2: Yfirlitsmynd stúlkur sem eru að fá einhverja aðstoð í grunnskóla árið 2014

Í núverandi skólakerfi er skipulag stuðnings mjög fjölbreyttur. Aldurshópum getur verið skipt upp í minni hópa, hópar teknir út úr kennslustofu og námsver þar sem nemendur koma og fara. Stuðningur inni í bekk beinist að mörgum eða fáum nemendum, tveggja kennarakerfi eða viðbótar starfsmaður inni í hóp. Auk þess hefur í sumum skólum hið hefðbundna bekkjarkerfi verið stokkað upp í fjölbreytta námshópa, jafnvel ekki skil á milli árganga og fleiri en einn kennari skipta á milli sín umsjónarnemendum.

Þessi fjölbreytileiki gerir það að verkum að erfitt er að merkja sérstaklega hvort nemendur eru að fá aðstoð inni í bekk eða úti og þá hvort allur hópurinn sé að fá stuðning eða einstaklingar innan hans.

Í spurningu 5 og 6 leituðum við eftir fjölda nemenda og því tímamagni sem hver nemandi var að fá í einstaklings stuðning.

Hversu mikill var stuðningurinn í fjölda kennslustunda á viku í september hjá stúlkum í einstaklingstímum?

	Almennir námserfðileikar		Sértækir námserfðileikar (staðfræði, lestur, málþroski o.fl.)		ADHD og hegðunar-erfðileikar		Félagslegir og tilfinningalegir erfðileikar		Annað	
	Fjöldi stúlkna	Fjöldi tíma	Fjöldi stúlkna	Fjöldi tíma	Fjöldi stúlkna	Fjöldi tíma	Fjöldi stúlkna	Fjöldi tíma	Fjöldi stúlkna	Fjöldi tíma
Yngsta stig										
Miðstig										
Elsta stig										

Mynd 3: Hversu mikill var stuðningurinn í fjölda kennslustunda á viku í september hjá stúlkum í einstaklingstímum?

Erfitt er að flokka nemendur eftir vanda því oft er um samsettan vanda að ræða og því geta nemendur verið tvítaldir.

Gagnagreining

Alls svöruðu 27 grunnskólar af 34 skólum og þar af svöruðu 19 skólar öllum spurningunum á listanum.

Tölfræði og rannsóknarþjónusta SFS (TOR) tók á móti svörum og greindi þau niður fyrir hópinn.

Um úrvinnslu sá Hallgerður Inga Gestsdóttir, sérfræðingur hjá tölfræði og rannsóknarþjónustu SFS Reykjavíkurborgar.

Hindranir

Við gerð spurningarlistans reyndum við að vanda gerð spurninga þannig að við fengjum sem skýrasta mynd af þjónustunni. Við rákum okkur strax á hindranir vegna margbreytileika þeirra erfiðleika sem veittur er stuðningur vegna og það að mismunandi skipulag er á milli skólanna hvað varðar skipulag stuðningsins.

Strax var ljóst eftir að spurningarlistarnir fóru út að skólastjórnendur töldu það miklum erfiðleikum bundið að svara spurningunum. Hindranirnar fólust í sömu þáttum og ollu erfiðleikum við samningu spurninganna, þ.e. vegna fjölbreytileika stuðningskerfa skólanna og margbreytileika varðandi vanda nemenda.


Niðurstöður

Alls svöruðu 27 af 34 grunnskólum sem fengu spurningarnar sendar til sín, þá svöruðu 19 skólar öllum spurningunum af listanum. Byggja niðurstöður okkar á þeim tölulegu upplýsingum sem við fengum úr svörum með þeim annmörkum sem þeim fylgdu.

Helstu niðurstöður


Nemendur í skólunum 27 sem svöruðu spurningarlistunum eru 77% af heildarnemendafjölda grunnskóla Reykjavíkurborgar, eða 77,9% drengja og 76,95% stúlkna í grunnskólum Reykjavíkur. Rannsókn þessi nær því yfir stóran hluta af nemendafjölda Reykjavíkurborgar.

Hlutfall þeirra nemenda sem fær stuðning var misjafnt eftir skólum en að jafnaði fengu 20% stúlkna einhverja aðstoð. Aðstoðin getur verið með margvíslegum hætti og í mjög mismunandi magni á milli grunnskóla.



Mynd 4: Yfirlitsmynd, hlutfall stúlkna sem eru að fá aðstoð


Verið er að aðstoða 32% drengja í grunnskólum borgarinnar



Mynd 5: Yfirlitsmynd, hlutfall drengja sem eru að fá aðstoð


Teknir voru saman almennir og sértækir námsörðugleikar í sér flokk og ADHD, hegðunar-, félags-, og tilfinningalegar erfiðleikar í annan flokk. Kynin voru síðan greind niður eftir þessum tveimur flokkum.

Alls eru 16% stúlkna að fá einhverskonar aðstoð vegna almennra eða sértækra námserfiðleika.




Mynd 6: Yfirlitsmynd, hlutfall stúlkna sem eru að fá aðstoð við almennum eða sérstækum námserfiðleikum.

Þá eru 4% stúlkna sem að fá aðstoð vegna ADHD, hegðunar-, félags- og tilfinningalegra erfiðleika.




Mynd 7: Yfirlitsmynd, hlutfall stúlkna sem eru að fá aðstoð vegna ADHD, hegðunar-, félags- og tilfinningalegra erfiðleika.

Verið er að aðstoða 21% drengja vegna almennra eða sértækra námserfiðleika.



Mynd 8: Yfirlitsmynd, hlutfall drengja sem eru að fá aðstoð við almennum eða sértækum námserfiðleikum.

Alls eru 11% drengja að fá einhverja aðstoð vegna ADHD, hegðunar-, félags- og tilfinningalegra erfiðleika.



Mynd 9: Yfirlitsmynd, hlutfall drengja sem eru að fá aðstoð vegna ADHD, hegðunar-, félags- og tilfinningalegra erfiðleika.

Umfjöllun

Úthlutun fjármagns til grunnskóla vegna sérstaks stuðnings við nemendur er með tvennum hætti. Annars vegar er úthlutað fjármagni til almennrar sérkennslu og hins vegar er úthlutað fjármagni vegna fatlaðra nemenda og nemenda með alvarlegar raskanir. Þetta verkefni tekur eingöngu til nýtingu fjármagns til almennrar sérkennslu og skipulags hennar. Þeir nemendur sem fá stuðning undir þessum lið eru nemendur með almenna og sértæka námserfiðleika, svo sem í lestri, íslensku og stærðfræði, vegna ADHD, raskana á hreyfifærni og mál- og talörðugleika. Skólarnir skipuleggja sjálfir stuðninginn en hann skal vera í samræmi við stefnu borgarinnar í skólamállum, s.s. stefnu um skóla án aðgreiningar og fjölmenningarlega kennsluhætti.

Það sem okkur lék forvitni á að vita var:

- út frá hvaða viðmiðum eða þáttum er ákveðið að nemendur fái stuðning
- vegna hvers konar örðugleika er verið að veita stuðning
- hvort drengir og stúlkur með sambærilegan vanda fái sambærilega þjónustu
- hvers konar þjónustu er verið að veita, tegund og magn.

Strax kom í ljós að erfitt var að gera spurningalista sem gæfi raunsannar upplýsingar um ofangreinda þætti auk þess sem ljóst var að skólarnir myndu svara út frá eigin forsendum sem eru mjög mismunandi milli skóla.

Í heildina kom í ljós að fleiri drengir en stúlkur fá stuðning í grunnskólum innan almennu sérkennslunnar og á það við vegna allra tegunda erfiðleika sem spurt var um, almenna og sértæka námserfiðleika, vegna hegðunar og vegna félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Margir nemendur eru einnig með fjölbættan vanda og njóta því margs konar stuðnings á sama tíma, á misjöfnum tímum og geta verið tví- eða þrítaldir.

Margir skólar kvörtuðu yfir að afar erfitt væri að svara listunum og sendu nokkrir þeirra inn athugasemdir með þeim. Einn skóli tiltók að kennslumagninu væri úthlutað á hvern árgang og væri þar nýtt með mjög mismunandi hætti. Annar skóli sagði frá því að hluti fjármagnsins væri nýtt til að bæta inn kennara og minnka hópa. Kennarar geti þá og eigi að nýta þessa tíma til hagsbóta fyrir þá nemendur sem þurfa sérstuðning. Mjög erfitt væri að fá skýrar upplýsingar frá kennurum um hvaða nemendur væru að fá sérstaka þjónustu í þessum tímum.

Í nokkrum skólum var erfitt að tilgreina fjölda nemenda sem njóta stuðnings þar sem fjármagn er nýtt til að hafa stuðningsfulltrúa í kennslustundum. Hann aðstoðar oftast fleiri en einn nemanda og auk þess mismunandi nemendur milli tíma. Einnig eru nemendur ýmist að fá stuðning inn í bekk eða í sérkennslu.

Einn skóli lýsti skipulagi sínu þannig að sumir hópar hafa tvo kennara til að mæta sérkennsluþörf, nemendur vinni ýmist í stofum, í milliherbergjum og sérkennsluverum. Í öðrum var stuðningsþörf mætt með breiðum hópi starfsfólks og fagfólks þar sem ýmist var um að ræða stuðning frá stuðningsfulltrúa, sérkennara og þroskaþjálfara. Einnig var dæmi um að hvert aldurstig hefði sitt starfsmannateymi þar sem einn sérkennari var í hverju teymi.

Stuðningskerfi skólanna einkennast samkvæmt þessu frekar af margvíslegum stuðningi inn í nemendahópa frekar en stuðningi við einstaka nemendur í einstaka tímum. Skólarnir eiga því erfitt með að tiltaka nánar fjölda nemenda sem njóta stuðnings og kyn þeirra.

Næstu skref

Til að gera nákvæmari greiningu á skipulagi sérkennslu og nýtingu fjármagnsins þarf að skoða hvort rétt sé að gera sérstaka rannsókn þar sem beitt er bæði meginlegum og eigindlegum aðferðum. Þannig yrði farið inn í skólana og framkvæmd stuðnings skoðuð yfir skilgreindan tíma.

Í Reykjavík fer fram heildarmat á starfi skólanna og fara skólar í gegnum slíkt mat á nokkurra ára fresti. Til álita gæti komið hvort skoða ætti sérstaklega sérkennslu og stuðning í skólunum með kynjasjónarmið í huga.

Skólarnir skila nú árlega heildaráætlunum um þann stuðning og sérkennslu sem þeir hyggjast veita á komandi skólaári. Skoða mætti hvort hægt sé að afla nánari og markvissari upplýsinga um hvernig drengjum og stúlkum er mætt í þessum heildaráætlunum.

Markviss úttekt hefur þrisvar farið fram í grunnskólum Reykjavíkur frá 1996. Þessar úttektir voru gerðar árið 2000, árið 2005 og 2010. Í engri af þessum úttektum var litið til kynjasjónarmiða. Við næstu úttekt á sérkennslu þarf að hafa þann þátt sérstaklega inni.